

Fundargerð 324. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: Þriðjudagur 19. ágúst 2025
Fundartími: 17:00-17:45
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Óskað eftir því að gera breytingu á útsendu fundarboði og taka lið 1 a) og 1 e) af dagskrá og var það samþykkt samhljóða. Aðrir liðir undir lið 1 uppfærast skv. þeirri ákvörðun. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 307, dags. 18.08.2025:

a) Heiðargerði 9-18; Athafnasvæði; Deiliskipulag – 2412025

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsáætlunar sem tekur til athafnasvæðis AT1 við Heiðargerði. Innan deiliskipulagsins eru afmarkaðar 10 lóðir sem ætlaðar eru til uppbyggingar hreinlegrar atvinnustarfsemi. Auk þess er gert ráð fyrir geymslu- og gámasvæði.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Málið verði sérstaklega kynnt Hitaveitu Hraungerðishrepps.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag sem tekur til athafnasvæðis AT1 í aðalskipulagi Flóahrepps, Heiðargerði, með fyrirvara um lagfæringu á texta í greinargerð deiliskipulagsins sem snýr að Hitaveitu Hraungerðishrepps. Þar komi fram að Hitaveita Hraungerðishrepps starfræki hitaveitu á svæðinu og möguleiki sé að tengja lóðir við hitaveitu í samráði við stjórn Hitaveitu Hraungerðishrepps. Skoða þarf sérstaklega legu stofnlagnar hitaveitunnar vegna uppbyggingar svæðisins.

Deiliskipulagið verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Tildra L235690; Vegagerð; Framkvæmdaleyfi - 2508025

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna veglagningar í landi Tildru L235690. Veglagningin er í samræmi við fyrirliggjandi samþykkt deiliskipulag. Efnið í veginn kemur úr námum í Ingólfsfjalli.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og heimilda gildandi deiliskipulags svæðisins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna veglagningar í landi Tildru L235690. Skipulagsfulltrúa falið að ganga frá útgáfu framkvæmdaleyfis.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Merkurlaut 1 L193162; Axarhólsbraut 3; Deiliskipulag – 2507020

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til Merkurlautar 1 L193162 í Flóahreppi. Í deiliskipulaginu felst afmörkun þriggja nýrra frístundalóða úr Merkurlaut 1 þ.e.

Axarhólsbraut 2, 3 og 5. Byggingarreitir eru skilgreindir innan lóðanna þar sem heimilt verður að byggja frístundahús með bílskúr, gestahús og geymslu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag sem tekur til Merkurlautar 1 L193162 með fyrirvara um að tillagan taki einnig til mögulegra flóða úr Hvítá varðandi staðsetningu húsa og hæð þeirra. Deiliskipulagið verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Hnaus 2 L192333; Mosató 7 L232388 og Mosató 8 L232389; rekstrarleyfi í flokki II; Deiliskipulagsbreyting – 2504076

Lögd er fram að nýju umsókn sem tekur til breytinga á skilmálum deiliskipulags fyrir Hnaus 2, frístundabyggð, skv. beiðni málsaðila um endurupptöku máls. Í breytingunni felst að heimilt verði að stunda rekstrarleyfisskylda útleigu í flokki II innan svæðisins. Athugasemdir bárust við grenndarkynningu og eru þær lagðar fram að nýju við afgreiðslu málsins ásamt viðbrögðum við þeim. Máli var synjað eftir grenndarkynningu en er nú tekið fyrir að nýju.

Skipulagsnefnd UTU vísar til fyrri afgreiðslu og mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að breytingu á deiliskipulaginu verði synjað.

Sveitarstjórn Flóahrepps synjar breytingu á skilmálum á framlögðu deiliskipulagi eftir grenndarkynningu þar sem um er að ræða rekstrarleyfisskylda útleigu í flokki II á svæði sem skilgreint er sem frístundabyggð. Samkvæmt aðalskipulagi Flóahrepps er heimagisting í flokki I heimil í 90 daga í frístundabyggð skv. reglugerð nr. 1277/2016, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, ef fyrir liggur undirritað samþykki nágranna og næg bílastæði eru innan lóðar. Ekki er heimild fyrir rekstrarleyfisskyldri útleigu í flokki II í aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem um er að ræða frístundabyggð.

Sveitarstjórn Flóahrepps beinir þeim tilmælum til umsóknaraðila að sækja um breytingu á aðalskipulagi sem tekur til lóðanna Mosató 7 L232388 og Mosató 8 L232389 þar sem óskað er eftir því að skilgreining lóðanna í aðalskipulagi verði verslun og þjónusta. Annar kostur er að umsóknaraðili óski eftir því við sveitarstjórn að málinu verði vísað til endurskoðunar aðalskipulags Flóahrepps sem nú er í vinnslu. Sveitarstjórn telur brýnt að heildarskipulag svæðisins verði skoðað m.t.t. möguleika á íbúðarbyggð og verslun og þjónustu innan svæðisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Mosató 6 L231444; Breytt landnotkun; Óveruleg breyting á aðalskipulagi - 2507032

Lögd er fram umsókn um óverulega breytingu á aðalskipulagi sem tekur til lóðarinnar Mosató 6 L231444 í Flóahreppi. Lóðin er skráð sem frístundalóð en í umsókninni felst að sótt er um breytingu á skráningu úr frístundasvæði F16 í íbúðabyggð.

Málinu vísað til umræðu í sveitarstjórn Flóahrepps.

Sveitarstjórn Flóahrepps beinir þeim tilmælum til umsóknaraðila að sækja um breytingu á aðalskipulagi sem tekur til lóðarinnar Mosató 6 L231444 þar sem óskað er eftir að breyta frístundalóð yfir í íbúðarbyggð. Annar kostur er að umsóknaraðili óski eftir því við sveitarstjórn að málinu verði vísað til endurskoðunar aðalskipulags Flóahrepps sem nú er í vinnslu. Sveitarstjórn telur brýnt að heildarskipulag svæðisins verði skoðað m.t.t. möguleika á íbúðarbyggð og verslun og þjónustu innan svæðisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Hjálmholt L166235; Hvítárbyggð L238531; Breytt lega frístundasvæði F22; aðalskipulagsbreyting - 2406056

Lögd er fram, eftir kynningu, tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst skilgreining á breytttri legu frístundasvæðis F22, Hvítárbyggð L238531 sem áður var hluti jarðarinnar Hjálmholt.

Breytingin tekur eingöngu til legu svæðisins, engar breytingar eru gerðar sem taka til skilmála. Umsagnir og athugasemdir bárust á kynningartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt yfirlýsingu um samþykki á fyrirbyggjandi landskiptum. *Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna frístundasvæðis F22 verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 vegna frístundasvæðis F22 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar. Í breytingunni felst skilgreining á breyttri legu frístundasvæðis F22, Hvítárbyggð L238531 sem áður var hluti jarðarinnar Hjálmholt. Breytingin tekur eingöngu til legu svæðisins, engar breytingar eru gerðar sem taka til skilmála. Umsagnir og athugasemdir bárust á kynningartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt yfirlýsingu um samþykki á fyrirbyggjandi landskiptum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) Stóra-Ármót L166274; Ármótsflöt 10, 12 og 14; Íbúðarhúsaloðir; Deiliskipulag - 2412031

Lögð er fram, eftir afgreiðslu Skipulagsstofnunar, tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til um 4,5 ha landspildu úr landi Stóra-Ármóts L166274 í Flóahreppi. Í deiliskipulaginu felst að þrjár nýjar íbúðarlóðir eru stofnaðar út úr landi Stóra-Ármóts, Ármótsflöt 10, Ármótsflöt 12 og Ármótsflöt 14. Lóðirnar eru afmarkaðar og nýjir byggingarreitir innan þeirra. Á lóðunum er heimilt að byggja íbúðarhús og hesthús/skemmu. Aðkoma að nýju lóðunum er af Hallandavegi 2 og um nýja aðkomuvegi. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU tekur ekki undir athugasemdir Skipulagsstofnunar er varðar umsögn Minjastofnunar. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag til auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur ekki undir athugasemdir Skipulagsstofnunar er varðar umsögn Minjastofnunar sem tekur til m 4,5 ha landspildu úr landi Stóra-Ármóts L166274 í Flóahreppi eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst að þrjár nýjar íbúðarlóðir eru stofnaðar út úr landi Stóra-Ármóts, Ármótsflöt 10, Ármótsflöt 12 og Ármótsflöt 14. Lóðirnar eru afmarkaðar og nýir byggingarreitir innan þeirra. Á lóðunum er heimilt að byggja íbúðarhús og hesthús/skemmu. Aðkoma að nýju lóðunum er af Hallandavegi 2 og um nýja aðkomuvegi. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi. Sveitarstjórn samþykkir að framlagt deiliskipulag taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 232, dags. 14.08.2025

Lagðar fram til kynningar.

3. Fundargerðir

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 323, dags. 15.07.2025
- b) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 124, dags. 01.07.2025 og nr. 125, dags. 14.07.2025
- c) Stjórnar SASS nr. 624, dags. 27.06.2025
- d) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 246, dags. 12.08.2025

4. Efni til kynningar

- a) Frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga - Fjölbættur vandi
- b) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga - Forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2026 & 2027-2029
- c) Frá Nýheimum þekkingasetur - Kynningarbréf - Hvað ef ég vil vera hér

- d) Frá Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytinu - Umhverfishing 15. og 16. september
- e) Umferðarlíkan Suðurlandsvegar um Flóahrepp
- f) Frá Háskólafélagi Suðurlands - Háskólanám á Suðurlandi - fjarnám
- g) Frá Eflu - Minnisblað vegna jarðkönnunar
- h) Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 2. september kl. 17:00

5. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

Árni Eiríksson
 Harpa Magnúsdóttir
 Hjalti Guðmundsson
 Walter Fannar Kristjánsson
 Hulda Kristjánsdóttir